



Vátryggingafélag Íslands hf.

Afkoma fyrsta ársfjórðungs 2015

Samstæðuárshlutareikningur félagsins fyrir fyrsta ársfjórðung 2015 var staðfestur af stjórn og forstjóra félagsins á stjórnarfundi þann 30. apríl 2015. Árshlutareikningurinn hefur ekki verið kannaður eða endurskoðaður af endurskoðendum félagsins.

Helstu niðurstöður

- Hagnaður tímabilsins eftir skatta nam 733 m.kr. samanborið við 14 m.kr. tap fyrir sama tímabil árið 2014.
- Fjármunatekjur námu 1.113 m.kr. samanborið við 171 m.kr. fyrir sama tímabil í fyrra.
- Iðgjöld tímabilsins námu 3.959 m.kr. samanborið við 3.861 m.kr. sama tímabil í fyrra og nemur hækkunin 2,6%.
- Bókfærð tjón vegna óveðurs þann 14. mars s.l. námu rúmum 240 m.kr..
- Framlegð af vátryggingarekstri var neikvæð um 165 m.kr. Framlegð af vátryggingarekstri á sama tímabili í fyrra var neikvæð um 66 m.kr.
- Rekstrarkostnaður nam 976 m.kr. og lækkar um 25 m.kr. frá sama tímabili árið 2014.
- Samsett hlutfall var 105,2% en var 102,9% á sama tíma í fyrra.
- Heildareignir í lok tímabilsins námu 50.738 m.kr. samanborið við 46.466 í árslok 2014.
- Fjárfestingaeignir félagsins námu 35.379 m.kr. en voru 34.658 í árslok 2014.
- Eigið fé félagsins nam 13.987 m.kr. samanborið við 15.956 í árslok 2014.
- Eiginfjárlutfall var 27,6% í lok tímabilsins.
- Arðsemi eigin fjár var 18,3% á tímabilinu á ársgrunni.
- Á tímabilinu var skuldfærður arður að fjárhæð 2.488 m.kr. sem greiddur var til hluthafa þann 9. apríl s.l.

Sigrún Ragna Ólafsdóttir, forstjóri

„Afkoma félagsins á fyrsta ársfjórðungi ársins var umfram væntingar og skýrist aðallega af mjög góðri ávöxtun af fjárfestingaeignum félagsins á tímabilinu, en hún nam 3,2%. Afkoma félagsins af vátryggingastarfsemi var ágæt ef litið er framhjá áhrifum óveðursins þann 14. mars síðast liðinn. Óveðrið olli talsverðu tjóni hjá landsmönnum og í lok mars höfðu ríflega 500 tjón verið tilkynnt til félagsins vegna þess og bókfærð tjón komin yfir 240 milljónir króna. Þetta er mesta tjón sem orðið hefur í einu óveðri hjá félaginu síðan febrúar 1991, en í desember 2007 voru þrjú óveður sem ollu til samans svipuðu tjóni. Samsett hlutfall var 105,2% á tímabilinu og telur óveðrið í mars rúm 6% í hlutfallinu. Til samanburðar var samsett hlutfall 102,9% fyrir sama tímabil árið 2014. Áherslur stjórnenda á einföldun og aukna skilvirkni í rekstri hafa skilað sér í því að rekstrarkostnaður hefur farið lækkandi eða um sem nemur 2,5% frá sama tíma í fyrra. Kostnaðarhlutfall lækkaði úr 22,7% á fyrsta fjórðungi 2014 í 21,5% nú.“

Fjárfest í innviðum

Félagið stendur í umfangsmiklum fjárfestingum í innviðum. Unnið er að innleiðingu á staðlaðri lausn trygginga- og tjónakerfis í samstarfi við danska hugbúnaðarfyrirtækið TIA Technology A/S, sem er leiðandi hugbúnaðarfyrirtæki fyrir tryggingafyrirtæki í Evrópu. Stefnt er að gangsetningu kerfisins seinni part ársins og eru talsverðar væntingar um að það muni skila ávinningi í bættum þjónustuferlum og hagkvæmni í rekstri. Ennfremur er áfram fjárfest í innleiðingu á LEAN og hafa stjórnendur sett sér það langtíamarkmið að byggja upp menningu sem grundvallast á stöðugum umbótum og vilja til að gera sífellt betur. Ávinningur er þegar farinn að skila sér í bættri þjónustu og einföldun í starfseminni.

Horfur

Markmið félagsins er að samsett hlutfall á árinu 2015 verði undir 100%. Jafnframt er lögð áhersla á trausta langtímaávöxtun á fjárfestingar í samræmi við fjárfestingastefnu félagsins.

Félagið vinnur að innleiðingu á löggjöf um vátryggingafélög, Solvency II, sem taka á gildi frá og með 1. janúar 2016. Löggjöfin felur meðal annars í sér umtalsverða breytingu á því hvernig áhætta í starfsemi vátryggingafélaga er mæld. Unnið er að því að setja félaginu ný markmið um gjaldþolskröfu, gjaldþol og arðgreiðslustefnu og stefnt er að því að birta niðurstöður þeirrar vinnu í lok ágúst n.k.



Um VÍS

VÍS er leiðandi fyrirtæki á sviði vátrygginga á Íslandi. VÍS nýtur sterkrar stöðu á íslenskum vátryggingamarkaði með liðlega þriðjungs markaðshlutdeild. Félagið býður upp á víðtæka vátryggingaþjónustu til viðskiptavina sinna þar sem rík áhersla er lögð á viðeigandi ráðgjöf um vátryggingavernd, gæði í þjónustu, skilvirkni og sveigjanleika.

Meginstarfsemi VÍS er á sviði skaðatrygginga og líftrygginga og starfrækir félagið 32 þjónustuskrifstofur víðsvegar um land. VÍS leggur áherslu á að starfsmenn og þjónustuaðilar félagsins vinni eftir grunnildum þess sem eru umhyggja, fagmennska og árangur.

Hlutverk VÍS

VÍS er traust, leiðandi og framsækið þjónustufyrirtæki sem veitir viðskiptavinum viðeigandi vátryggingavernd og stuðlar að öryggi með öflugum forvörnum.

Kynningarfundur

Kynningarfundur fyrir markaðsaðila og hluthafa verður haldinn hjá VÍS í Ármúla 3, 5. hæð, þann 30. apríl n.k. kl. 16:15. Þar kynni Sigrún Ragna Ólafsdóttir forstjóri VÍS afkomu félagsins og svarar spurningum.

Kynningarefni fundarins verður aðgengilegt að honum loknum á heimasíðu VÍS: www.vis.is

Fjárhagsdagatal

<u>Viðburður</u>	<u>Dagsetning:</u>
2. ársfjórðungur 2015	27. ágúst 2015
3. ársfjórðungur 2015	29. október 2015
Ársuppgjör 2015	25. febrúar 2016
Aðalfundur 2016	17. mars 2016



Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veitir Sigrún Ragna Ólafsdóttir forstjóri í síma 560-5000 og í netfangi fjarfestatengsl@vis.is.



Rekstraryfirlit

	m.kr.	3M 2015	3M 2014	2014	2013
Rekstur	Iðgjöld tímabilsins	3.959	3.861	16.023	16.090
	Eigin iðgjöld	3.800	3.700	15.420	15.447
	Fjármunatekjur	1.113	171	2.439	2.631
	Heildartekjur	4.953	3.918	18.023	18.233
	Tjón tímabilsins	-3.103	-2.974	-12.297	-12.667
	Eigin tjón	-3.154	-2.938	-12.119	-11.663
	Rekstrarkostnaður	-976	-1.001	-3.922	-3.936
	Heildargjöld	-4.134	-3.946	-16.069	-15.677
	Hagnaður	733	-14	1.710	2.154
	Hlutföll	Tjónahlutfall	78,4%	77,0%	76,7%
Eigið tjónahlutfall		83,0%	79,4%	78,6%	75,5%
Kostnaðarlutfall		21,5%	22,7%	21,4%	21,4%
Endurtr.kostnaðarlutfall		5,3%	3,2%	2,6%	-2,2%
Samsett hlutfall		105,2%	102,9%	100,7%	97,8%
Eiginfjárlutfall		27,6%	29,5%	34,3%	35,9%
Arðsemi eiginfjár		19,6%	-0,4%	10,5%	13,9%
Gjaldþolshlutfall		3,28	3,72	3,11	3,72





Efnahagsyfirlit

	m.kr.	31.3.2015	31.12.2014
Efnahagur	Eignir		
	Fjárfestingar	32.908	33.258
	Laust fé	2.471	1.400
	Viðskiptakröfur	8.249	5.284
	Endurtryggingaeignir	1.613	1.392
	Aðrar kröfur	1.716	1.540
	Hugbúnaður	1.346	1.185
	Óefnislegar eignir	855	868
	Aðrar eignir	1.579	1.539
	Eignir samtals	50.738	46.466
	Skuldir		
	Eigið fé	13.987	15.956
	Vátryggingaskuld	31.045	27.577
	Viðskiptaskuldir	1.848	697
Aðrar skuldir	3.858	2.236	
Skuldir samtals	50.738	46.466	
Hlutföll	Eiginfjárhlutfall	27,6%	34,3%
	Gjaldþolshlutfall samstæðu	3,28	3,11

Til athugunar fyrir fjárfesta

VÍS vekur athygli á því að staðhæfingar sem finna má í þessari fréttatilkynningu kunna að vera byggðar á mati og áætlunum stjórnenda félagsins en ekki á staðreyndum sem hægt er að sannreyna við birtingu tilkynningarinnar. Eðli málsins samkvæmt fela slíkar staðhæfingar í sér óvissu. Athygli fjárfesta er vakin á því að margir þættir geta haft þau áhrif að rekstrarumhverfi félagsins og afkoma verði með öðrum hætti en forsendur gera ráð fyrir í tilkynningunni. Þessi tilkynning verður ekki endurskoðuð eftir birtingu hvað þetta varðar. Staðhæfingar sem finna má í þessari fréttatilkynningu gilda eingöngu á þeim tímapunkti þegar fréttatilkynningin er fyrst birt og takmarkast gildi þeirra við það sem segir í fyrirvara þessum.